

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
b.t. Haraldar Þórs Jónssonar
Árnes
804 Selfoss

IAK/MPÁ/ls

25. ágúst 2023

Efni: Svar stjórnar RARIK við áskorun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

Stjórn RARIK ohf. hefur borist áskorun sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps þess efnis að félagið hefji stefnumótun til framtíðar sem miðaði að því að færa höfuðstöðvar fyrirtækisins í nærumhverfi orkuvinnslunnar.

Stjórn RARIK bendir á að hjá RARIK hefur þegar verið mörkuð sú stefna að horft sé sérstaklega til þess að auglýsa störf óháð staðsetningu. Stjórn hefur samþykkt það verklag að störf sem losna í Reykjavík eru auglýst án staðsetningar, á meðan störf sem losna á landsbyggðinni eru auglýst með staðsetningu á landsbyggðinni. Um 70% rúmlega 200 starfsmanna RARIK eru á landsbyggðinni og á Suðurlandi hafa um 40 starfsmenn aðsetur, í starfsstöðvum á Selfossi og á Hvolsvelli. Fjöldi sérfræðinga og stjórnenda eru staðsettir í starfsstöðvum RARIK á landsbyggðinni.

Stærsti einstaki hluti viðskiptavina RARIK er með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu þrátt fyrir að afhending orkunnar fari fram utan höfuðborgarsvæðisins. Á meðal hagaðila RARIK eru viðskiptavinir, stjórnsýsla, eftirlitsaðilar, verkfræðistofur og aðrir samstarfsaðilar sem gjarnan eru einnig með aðsetur á höfuðborgarsvæðinu.

Flutningur höfuðstöðva RARIK á eitt viðskipta- og þjónustusvæði á landsbyggðinni myndi þýða sjálfkrafa óhagræði fyrir hin svæðin þar sem samgöngur eru bestar og auðveldastar frá flestum svæðum til höfuðborgarinnar.

RARIK er þjónustufyrirtæki sem leggur áherslu á að hafa starfsfólk og starfsstöðvar nálægt verkefnum og viðskiptavinum. Jafnframt að skapa tækifæri á áhugaverðum störfum óháð kyni, á öllu landinu. Hlutverk RARIK var skilgreint í stefnumótun fyrirtækisins 2022 – að auka verðmætasköpun og lífsgæði viðskiptavina með öruggri afhendingu á endurnýjanlegri orku og samfélagslega ábyrgum rekstri. Stjórn RARIK fagnar umræðunni og ábendingum um tækifæri til umbóta. Það er hins vegar mat stjórnar að með núverandi uppsetningu á starfsstöðvum standi félagið vel undir hlutverki sínu um samfélagslega ábyrgan rekstur. Breytt starfsumhverfi getur kallað á breytingar á skipulagi og stöðugt þarf að vaka yfir því en að svo stöddu telur stjórn RARIK að flutningur á starfsemi skrifstofu frá Reykjavík myndi hafa neikvæð áhrif á starfsemi og þjónustuna við viðskiptavini RARIK. Engu að síður er mikill meirihluti starfa fyrirtækisins nú þegar á landsbyggðinni og stefna stjórnar að halda því þannig.

Virðingarfyllt,
Ingunn Agnes Kro, stjórnarformaður RARIK